



Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu  
101 Reykjavík

[postur@for.is](mailto:postur@for.is)

19. mars 2019

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um heiðarlega starfshætti í vísindum, mál nr. S-75/2019.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) skila sameiginlegri umsögn um frumvarpsdrög og telja lagasetningu um vandaða starfshætti í rannsóknum og vísindum vera framfaraspor og tímabæra. Mikilvægi vandaðra og skilvirkra starfshátta í rannsóknum, vísindum og þróun er ótvírætt og vel ígrunduð stefna á þessu sviði er grundvallaratriði í samkeppnishæfu hagkerfi.

Því er mikilvægt að tryggja að niðurstöður vísindastarfs og rannsókna séu nýttar til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og að efling rannsókna, nýsköpunar og þróunar sé hluti af framtíðarsýn íslenskra stjórnvalda. Samtökin fagna að í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sé viðurkennt að nýsköpun og hvers konar hagnýting hugvits sé mikilvæg forsenda fjölbreytts atvinnulífs, sterkrar samkeppnisstöðu, hagvaxtar og velferðar. Minnt er á að í nýbirtum tölum Hagstofunnar um rannsóknir og þróun kemur fram að útgjöldin eru um 2,1% af vergri landsframleiðslu og af því standa fyrirtæki fyrir um 64% af heildinni.

Starf og viðmið nefndar um heiðarlega starfshætti í vísindum skipta því atvinnulífið miklu. Bent er á að nefndinni er bæði ætlað að skrá viðmið um heiðarlega starfshætti í vísindum og skilgreina brot á þeim. Jafnframt er henni ætlað að veita álit um brot gegn viðmiðunum. Sú spurning vaknar hvort æskilegt sé að einn og sami aðili hafi allt þetta undir höndum.

Mikilvægasta hlutverk nefndar, sem gert er ráð fyrir að koma á laggirnar, er að upplýsa og fræða, taka þátt í umræðum, veita ráðgjöf og umsagnir um mál sem henni berast. Samtökin telja æskilegt að skilgreint sé nánar hvað felist í eftirliti með að siðferðileg viðmið séu í heiðri höfð í vísindasamfélaginu og hvernig því verði framfylgt en um þetta er ekki fjallað í greinargerð með frumvarpinu.

Samtökin telja mikilvægt að í nefndinni eigi sæti fulltrúi sem hafi þekkingu á rannsóknum í atvinnulífinu og hvernig staðið sé að vernd hugaverkaréttar og niðurstaðna rannsókna.

Gæta þarf sérstakrar varúðar þegar fjallað er um rannsóknir og þróun á vegum einkafyrirtækja og niðurstöður hafa ekki verið birtar í ritrýndum vísindaritum eða kynntar á ráðstefnum. Oft kjósa fyrirtæki að nýta niðurstöður sínar án þess að birta þær fyrst í ritrýndum vísindaritum.



Mikilvægt er að fyrirtæki geti nýtt niðurstöður úr eigin rannsóknum í viðskiptum án þess að þurfa að skila inn til nefndar ítarlegum gögnum sem snert gætu samkeppnisforskot eða hugverkarétt fyrirtækisins. Hið sama á við þegar gert er ráð fyrir því að nefndin geti tekið mál fyrir að eigin frumkvæði.

Samtökin telja nauðsynlegt að líta til sjónarmiða atvinnulífs eigi meginmarkmið fyrirhugaðra laga um að auka traust og heiðarleika í vísindum og rannsóknum að ná fram að ganga.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins